



Handbók fyrir golfdómara

Ábendingar og tilmæli

[Inngangur](#)

[Reglubundin undirbúningur dómara](#)

[Móti úthlutað til dómara](#)

[Undirbúningur móts](#)

[Störf á mótisdag](#)

[Störf eftir að móti er lokið](#)

[Reglugerð fyrir Dómaranefnd GSÍ og golfdómara](#)

Inngangur

Handbók þessari er ætlað að vera golfdómurum til aðstoðar við störf þeirra. Skal handbókin mynda grunn að gæðastaðli fyrir dómara og störf þeirra. Er æskilegt að dómara temji sér vinnubrögð í samræmi við það sem fram kemur í þessari handbók og ættu staðlar þeir sem hún setur að vera viðmið fyrir öll stærri og mikilvægari mót.

Á vef GSÍ, www.golf.is er að finna upplýsingar um allt sem viðkemur starfsemi GSÍ. Sérstaklega skal bent á upplýsingar um lög og reglugerðir undir "Um GSÍ". Einnig er hægt að nálgast þar nafnalista dómara.

Formaður dómaranefndar:

Sigurður Geirsson

Sími: 569-6991

Farsími: 893-0766

Netfang: siggeirs@gmail.com

Skrifstofa GSÍ

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

104 Reykjavík

Sími: 514-4050

Netfang: info@golf.is

Framkvæmdastjóri:

Hörður Þorsteinsson

Sími: 514-4052

Farsími: 896-1227

Netfang: hordur@golf.is

Hægt er að ná í starfsmenn Gólf sambandsins í farsíma utan skrifstofutíma ef spurningar vakna. Allar upplýsingar er að finna á golf.is.

Reglubundinn undirbúningur dómara

Dómari verður að vera vel að sér í golfreglum þannig að reglulegur lestur þeirra ásamt því að kynna sér úrskurði úr bókinni *Decisions on the Rules of Golf* er nauðsynlegur.

Dómari þarf að fylgjast með breytingum sem gerðar eru á reglugerðum Gólf sambands Íslands og snerta bæði keppnis skilmála og keppendur.

Móti úthlutað til dómara

Um leið og dómara er falið ákveðið mót skal hann skrá mótið hjá sér þannig að hann muni að mæta við undirbúning mótsins og á mótið sjálf.



Dómari skal verða sér úti um keppnisskilmála mótsins og fara yfir þá til að vera kunnugur þeim og viss um að hann geti dæmt eftir þeim. Sé eitthvert það atriði í keppnisskilmálum sem dómari telur að ekki sé hægt að dæma eftir skal hann snúa sér til mótanefndar vegna breytinga á þeim atriðum.

Dómari skal kynna sér skipulag vallarins sem mótið á að fara fram á. Skal dómari sérstaklega hafa í huga hvar vandamál geta komið upp á vellinum í mótinu.

Æskilegt er að dómari leiki viðkomandi völl sé hann ekki kunnugur honum fyrir, til þess að átta sig betur á þeim stöðum, sem vandræðum geta valdið, svo og hvernig hann geti haft besta yfirsýn yfir völlinn á meðan mót fer fram.

Undirbúningur móts

Eigi síðar en viku til hálfum mánuði áður en mót fer fram skal dómari hafa samband við klúbb þann sem mótið heldur og /eða GSÍ til að fá staðfestingu á því að mótið fari fram.

Um leið og haft er samband við viðkomandi klúbb skal dómari mæla sér mót við vallarstjóra klúbbsins eða annan starfsmann hans til úttekta á vellinum. Úttektin skal helst fara fram eigi síðar en viku fyrir mót sé þess nokkur kostur. Ef aðstæður eru þannig að dómari þarf t.d. að fara um langan veg til að framkvæma úttektina skal dómari koma sjónarmiðum sínum varðandi ástand vallarins til skila til vallarstjóra og þeir vera í sambandi varðandi undirbúning vallarins. Úttekt vallarins af dómars hálfu skal síðan helst ekki fara fram síðar en tveimur dögum fyrir mót (eða í síðasta lagi daginn áður en völlurinn verður opnaður til æfinga fyrir keppendur), þannig að heill æfingardagur gefist fyrir keppendur (eða fleiri ef keppnisskilmálar gera ráð fyrir því) eftir úttekt áður en sjálft mótið fer fram.

Dómari skal einnig fara fram á að keppnisskilmálar ásamt fyrirhuguðum staðarreglum fyrir væntanlegan mótisdag séu hafðar tilbúnar við úttektina. Hafa skal sýnishorn golfreglnanna sem fyrirmynd að uppbyggingu staðarreglnanna.

Úttekt er framkvæmd á vellinum til þess að dómari gangi úr skugga um að merkingar vallarins séu í lagi, að völlurinn sé eins og best verður á kosið og að staðarreglur séu í samræmi við ástand vallarins. Við úttektina skal dómari fara yfir allan völlinn með vallarstjóra eða starfsmanni klúbbsins og skrá hjá sér athugasemdir um leið og úttekt á sér stað. Við úttektina skal dómari hafa eftirfarandi í huga:

Hvort völlurinn sé í leikhæfu ástandi. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að golf er leikið á velli utanhúss sem á, sem slíkur, að endurspeglar það umhverfi sem hann er í. Þannig er ekki nauðsynlegt að völlurinn sé rennisléttur og gallalaus. Algeng atriði sem kvartað er undan og dómari þarf að taka afstöðu til eru:

Graslausir blettir á snöggslegnu svæði. Slík svæði orsakast oftast af kali. Oft eru slík svæði látin eiga sig til þess að grasið sái sér sjálft inn á svæðin og grói af sjálfu sér. Í þeim tilfellum eru svæðin ekki grund í aðgerð og leikmenn eiga ekki kröfu á lausn frá þeim svæðum með því að þau verði skilgreind sem grund í aðgerð eða merkt sem slík. Hafi hins vegar verið sáð í þessi svæði er rétt að huga að því hvort verja skuli svæðin með því að skilgreina þau sem grund í aðgerð og jafnvel sem grund í aðgerð, leikur bannaður.

Graslaus svæði utan snöggslegins svæðis. Slík svæði eru almennt ekki grund í aðgerð nema verið sé að vinna í viðkomandi svæði eða þau liggi rétt við eðlilega leiklínu. Að öllu jöfnu skal dómari meta hvort ástæða sé til að merkja svæðið sem grund í aðgerð en við það skal sú almenna regla gilda að eftir því sem minni möguleiki er á að bolti leikmanna lendi þar þeim mun minni ástæða er til að merkja svæðið sem grund í aðgerð. Ef svæðið er nálægt eðlilegri leiklínu skal dómari, eins og alltaf, byggja mat sitt á því hvort það myndi flýta leik að merkja svæðið sem grund í aðgerð, ef svo er ekki er lítil ástæða til að merkja



svæðið og hafa skal það í huga að gróðurlaus svæði eru hluti af náttúrunni.

Flatir ójafnar eða skemmdar, þannig að boltar halda ekki stefnu. Í þessu tilfalli er spurning um það hversu mikið viðkomandi flöt sé skemmd og hvort um sé að ræða holukeppni eða höggleik. Ef um er að ræða eina flöt sem er mikið skemmd er spurning um að finna lausn þannig að mótið geti farið fram á vellinum. Getur þessi lausn verið fólgin í því að slegin sé ný flöt í nágrenni flatarinnar t.d. á snöggslegnu svæði og hún notuð í mótinu. Ef flatir eru ekki mikið skemmdar eða einungis um að ræða að þær séu ósléttar t.d. vegna kalskemmda frá vetrinum eða að gras vex ekki svo viðunandi sé er spurning um að leyfa hreyfingu á flötum. Í því sambandi er rétt að dómari hafi í huga að gera keppendum jafnt undir höfði og miða færslu við skorkortslengd eða -breidd í stað púttershauss. Séu hins vegar flatir almennt mjög illa farnar á vellinum er spurning um það að málið sé sett í hendur mótsstjórnar til að ákveða hvort viðkomandi völlum sé leikhæfur fyrir viðkomandi mót eða ekki eða hvort leikur á vellinum skal telja til forgjafar eða ekki.

Snöggslegið svæði er óslétt. Snöggslegið svæði verður oft óslétt og líkt því að það sé að byrja að verða þýft og gerist þetta oftast í byrjun sumars. Slík svæði lagast oftast þegar líður á sumarið og jarðvegurinn þornar eftir frostlyftingar vetrarins. Ef snöggslegna svæðið er ekki ójafnara en svo að hægt er að slá bolta með eðlilegri sveiflu flokkast svæðið ekki undir grund í aðgerð. Einungis í þeim tilfellum sem ójöfnur eru það miklar að bolti liggur í djúpum bollum, sprungum eða jarðvegsfellingum þannig að ekki er hægt að nota eðlilega sveiflu til að slá boltann og auðséð er að laga þarf viðkomandi svæði, er réttlæt看anlegt að merkja svæðið sem grund í aðgerð, eða leyfa þar bættu legu (vetrarreglur, þ.e. að lyfta bolta og láta falla), þrátt fyrir að engar framkvæmdir séu hafnar.

Snöggslegið svæði er óslétt þannig að sláttuvélar ná ekki að slá svæðið jafnt, þannig að misstór svæði með þykkari grasi er inn á milli á snöggslegna svæðinu. Í þessum tilfellum á ekki að merkja svæðin með þykkara grasinu sem grund í aðgerð eða skilgreina þau sem slík í staðarreglum. Snöggslegið svæði þarf ekki að vera allt eins og getur gras auðveldlega verið missnöggslegið. Við skulum hafa í huga að á ensku (sem er upphafsmál golfreglnanna) er þetta svæði kallað fairway, en það þýðir í beinni þýðingu sú leið sem er sanngjörn (fair) en ekki snöggslegin eins og við köllum það, hvað þá fullkomin.

Mikið er af kylfuförum á afmörkuðum svæðum á vellinum. Dómari skal í þeim tilfellum hafa í huga að kylfufar er ekki grund í aðgerð. Hins vegar ef um viðamiklar skemmdir er að ræða skal skoða með starfmönnum vallarins hvort hægt sé að laga skemmdirnar áður en mótið fer fram en að öðrum kosti skal skoða með að skilgreina verstu svæðin sem grund í aðgerð eða leyfa þar bættu legu (vetrarreglur, þ.e. að lyfta bolta og láta falla), en þá þarf svæðið að vera mjög illa farið.

Að allar merkingar sem marka ytri mörk vallarins séu vel skilgreind og til staðar. Í því sambandi þarf dómari að athuga ef völlum er markaður með hvítum hælum að sjónlína sé á milli hælanna þannig að menn sjái ætíð hvernig völlum liggur frá þeim stað sem þeir eru staðsettir á við vallarmörkin. Sérstaklega skal dómari huga að vallarmörkum, sem sett eru innan vallarins sjálfs og gilda t.d. einungis við leik einnar brautar en ekki annarrar. Þarf í því sambandi að ganga úr skugga um að merkingarnar séu settar þannig að leikmenn séu ekki í vafa um hvernig túlka skuli merkinguna. Gæta skal þess að vallarmerkihælar sem þannig eru settir inn á völlum séu skilgreindir sem óhreyfanlegar hindranir í staðarreglum gagnvart leik á öðrum brautum en þeirri sem hælarnir ná til sem vallarmörk þannig að ekki sé hætt á að menn fjarlægji þá og þeir týnist eða staðsetning þeirra aflagist.

Að skemmdir á vellinum séu lagfærðar fyrir mótið eða merktar, sé talin ástæða til þess. Ef um víðtækar skemmdir er að ræða þannig að um viðamiklar merkingar verður að ræða á vellinum skal dómari athuga að skilgreina skemmdir þessar vel í staðarreglum og setja staðarreglur um þær í stað þess að merkja þær sé þess kostur til að forðast fjöldann allan af merkingum sem valdið geta misskilningi.

Við ákvörðun um það hvort merkja eigi skemmdir á vellinum skal dómari hafa í huga hvort viðkomandi skemmdir eru í leiklínu eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá leiklínu. Einnig hvort skemmdirnar eru á



snöggslegnu svæði eða ekki. Skemmdir á snöggslegnu svæði er rétt að merkja sem grund í aðgerð en séu skemmdir utan snöggslegins svæðis skal dómari meta hvort ástæða er til að merkja skemmdina eða hvort hún sé þannig staðsett að rétt sé að láta leikmenn glíma við skemmdina leiki þeir bolta sínum þannig að hann lendi í skemmdinni.

Að flatir séu tiltölulega sléttar og að bolti renni á þeim án þess að hoppa mikið til. Ef flatirnar eru ósléttar skal dómari meta hvort mikill möguleiki sé á því að bolti stöðvist á flöt í litlum dældum þannig að þegar þeim er þútt að þaðan byrji boltinn að hoppa. Getur slíkt eyðilaggt þútt viðkomandi kylfings og í þeim tilfellum er rétt að leyfa hreyfingu á flötum. Gæta skal þó þess að hreyfingar þessar má ekki takmarka í fjölda en hægt er að takmarka þær við ákveðnar flatir svo og að þegar menn hafi tekið hreyfingu einu sinni megi þeir ekki hreyfa aftur fyrr en eftir að þeir eru búnir að leika boltanum frá þeim stað sem þeir lögðu hann eftir hreyfingu.

Að jarðfastir steinar séu ekki á snöggslegnu svæði. Ef um slíka steina er að ræða og dómari verður var við þá er rétt að setja í staðarreglu að slíkir steinar á snöggslegnu svæði séu óhreyfanlegar hindranir eða grund í aðgerð. Er betra að setja þessa staðarreglu sem þá gildir alls staðar á vellinum á snöggslegnu svæði heldur en að reyna að hafa upp á öllum slíkum steinum og merkja þá.

Að vatnstorfætur og hliðarvatnstorfætur séu rétt merktar. Ef náttúruleg mörk vatnstorfæra og hliðarvatnstorfæra eru vel afmarkaðar þannig að ekki sé vafamál um það hvort bolti er innan torfæru eða utan er hægt að skilgreina þær þannig í staðarreglum en láta síðan hæla gefa til kynna eðli torfærunnar. Að öðrum kosti skal láta hæla marka torfæruna og skal þess þá gætt að mörkin fari hvergi yfir vatnið t.d. á milli tveggja hæla.

Að grund í aðgerð sé rétt merkt. Sérstaklega skal athugað að grund í aðgerð sé ekki merkt með einum bláum hæl í miðju grundarinnar eins og tíðkast á alltof mörgum völlum. Slík merking hefur yfirleitt ekkert gildi sem grund í aðgerð og heimilar ekki að bolta sé lyft úr viðkomandi skemmd í samræmi við reglur um grund í aðgerð. Skal þess gætt að ytri mörk grundarinnar sé afmörkuð af hælum allan hringinn. Einnig væri hægt ef skemmda svæðið er vel afmarkað af framkvæmdunum að skilgreina það sem grund í aðgerð í staðarreglum og vísa þá til þess að þessi svæði séu merkt með einum bláum hæl nálægt miðju þeirra og þá þarf einnig að koma fram lýsing á mörkum grundarinnar svo að leikmenn séu ekki í vafa um það hver mörkin séu.

Að nægjanlegur sandur sé í sandglompum og að sand hafi ekki blásið mikið út fyrir mörk hennar þannig að vafi leiki á því hvar mörkin liggi og að þær séu ekki á kafi í vatni. Ef ekki er hægt að bæta í glompurnar eða þurrka vatnið fyrir mótið skal glompan merkt með bláum hælum og skilgreind sem grund í aðgerð á leið í staðarreglum eða leyfa ákveðnar vítislausar lausnir innan glompunnar. Nauðsynlegt er að setja viðkomandi skilgreiningu (þ.e. að glompan sé grund í aðgerð á leið) í staðarreglur að öðrum kosti er glompan ennþá í leik sem slík og ekki verður um vítislausu lausn að ræða úr glompunni, jafnvel þótt hún sé að öllu leiti merkt sem grund í aðgerð. Ef mikið af sandi hefur fokið úr glompu og liggur utan hennar skal farið fram á að vallarstarfsmenn raki sem mest af þessum sandi aftur ofan í glompurnar, en gæta skal að dýpt sandsins eftir að því er lokið þannig að ljóst sé að nægjanlegur sandur sé í glompunni til golfleiks.

Að ekki séu lausir steinar í glompunni eða stór skeljabrot. Ef slíkir hlutir eru í sandinum í glompunni skal dómari setja staðarreglu sem skilgreinir steinana sem hreyfanlegar hindranir. Einnig þarf dómari að taka afstöðu til þess hvort stór skeljabrot eigi að skilgreinast eins og steinarnir ef um slík skeljabrot er að ræða í sandinum. Í því sambandi skal hafa í huga að steinar geta hæglega skemmt kylfurnar en ólíklegt er að skeljabrotin geri það. Með tímanum molna stór skeljabrot niður í smærri brot þegar verið er að leika úr sandinum og hverfa þannig fyrir rest. Ef tekin er sú afstaða að leyfa hreyfingu steinanna en ekki skeljabrotanna er rétt að það sé áréttáð við leikmenn áður en þeir hefja leik til að forðast misskilning hjá þeim við leik úr glompum.



Að ekki sé um blind svæði að ræða fyrir leikmann við leik hans á vellinum. Sé um slík svæði að ræða skal dómari fara fram á að viðkomandi golfklúbbur útvegi framvörð til að auðvelda leikmönnum að finna bolta sinn og flýta leik. Einnig þarf að gæta þess að viðkomandi framvörðum sé leiðbeint um það hvernig þeir skuli starfa. Hafa skal þá reglu fyrir starf framvarðar að ef framvörður sér hvar bolti lendir þá lyfti hann hvítu (eða grænu) flaggi að því gefnu að bolti leikmanns lendi innan vallar, hvort heldur sem boltinn er á snöggslegnu svæði, í karga utan snöggslegins svæðis eða í vatnstorfæru. Lendi bolti leikmanns hins vegar utan vallar eða framvörður sér ekki hvar hann lendir skal hann lyfta rauða flagginu. Litir flagganna gefa leikmanni einungis til kynna hvort hann ætti að leika varabolta eða ekki, hann segir leikmanni ekki hvort boltinn er leikhæfur þaðan sem hann lendir, enda gilda sérstakar golfreglur og lausnir fyrir hvert tilvik séu vandræði við áframhaldandi leik boltans sem hefur ekkert með varabolta að gera. Skulu litir þeir sem hér eru tilgreindir á flöggum vera aðalreglan en aðrir litir á flöggum koma til greina og þá skal gera leikmönnum rækilega grein fyrir þýðingu litanna, en það skal jafnframt gert þótt notaðir séu hvítir (eða grænir) og rauðir litir þannig að leikmenn séu ekki í vafa um hvaða litir eru notaðir og merkingu þeirra.

Framvörður skal jafnframt vera staðsettur þar sem kylfingar þurfa að leika blint. Í því tilfalli skal framvörður gæta þess að halda rauðu flaggi á lofti ef hættu er á að næsta holl á eftir gæti slegið að þeim sem eru í hvarfi og skal rauða flagginu haldið á lofti þar til viðkomandi kylfingar eru örugglega komnir úr höggfæri. Þegar framvörður telur að svo sé skal hann láta rauða flaggið falla og lyfta í staðinn því hvíta (eða græna) til að gefa næsta hollu til kynna að það megi halda áfram leik.

Dómari skal reyna að hafa uppi á öllum þeim svæðum sem geta dregið úr leikhraða kylfinga vegna einhverra aðstæðna sem þar eru. Ef dómari telur að einhver svæði geti verið þannig að kylfingar gætu lent í vandræðum skal hann gæta þess í mótinu að vera staðsettur nálægt þessum stöðum eða fá klúbbinn til að setja gæslumann (observer) eða framvörð á viðkomandi stað til að aðstoða kylfinga eða til að kalla til dómara ef ástæða er til.

Hvort um nýjan gróður sé að ræða innan vallarins sem ástæða sé til að vernda. Sérstaklega á þetta við um nýsáð grassvæði og ung tré.

1. Sé um nýsáð svæði að ræða er best að merkja svæðið með bláum hælum sem grund í aðgerð hvar svo sem það er innan vallarins.
2. Sé um ung tré að ræða og talið ástæða til að verja þau skal setja greinargóða skilgreiningu á þeim trjám sem vernda á í staðarreglur ef þau eru ekki á afmörkuðu svæði sem auðvelt er að merkja. Í þeim tilfellum sem ekki er hægt að merkja ákveðið svæði skal reynt að merkja sérstaklega á einhvern hátt þau tré sem verndunin nær til, t.d. með borðum, eða setja upp auðvelda leið til að þekkja viðkomandi tré, t.d. að um sé að ræða öll tré sem eru minni en ákveðin kylfulengd og skal þá kylfan skilgreind í staðarreglum.

Hvort fuglar séu að gera sér hreiður innan vallarins og þau þannig staðsett að ástæða sé til að vernda þau og fuglana. Ef svo er ætti svæði í kringum hreiðrin að merkjast sem grund í aðgerð og jafnframt skal svæðið skilgreint þannig að leikur sé bannaður innan þess til þess að fuglarnir njóti þess friðar sem að er stefnt. Einnig mætti gera þetta í staðarreglum með því að skilgreina hreiðrið og eitthvert tiltekið svæði í kring sem lokað svæði fyrir leik (t.d. með því að skilgreina það sem grund í aðgerð þaðan sem leikur er bannaður).

Hvort eitthvert annað svæði innan vallarins sé þess eðlis að ástæða sé til að vernda það sérstaklega. Ef svo er skal það merkt sem grund í aðgerð þaðan sem leikur er bannaður til þess að verndunin nái tilgangi sínum.

Taka þarf afstöðu til þess hvort mannvirki innan vallar eigi að teljast hluti hans eða ekki. Í því sambandi er



rétt að benda á að golfreglur gera sérstaklega ráð fyrir að öll mannvirki, þ.e. allt sem ekki er náttúrulegt, séu hindranir. Rík ástæða þarf því að vera fyrir hendi að vikið sé frá þessum skilningi golfreglna með setningu staðarreglna um að mannvirki séu hluti vallar.

Hvort mikið er af rusli á vellinum. Ef dómari verður var við mikið af rusli á vellinum, sem annaðhvort hefur fokið þangað eða á rætur sínar að rekja til kylfinga skal hann benda vallarstarfsmanni á það og fara fram á að völlurinn verði hreinsaður fyrir mótið. Ef æfingarsvæði vallarins er þannig staðsett að mikið berst af æfingarboltum inn á völlinn þarf viðkomandi klúbbur einnig að gera ráð fyrir því að starfsmenn þess hreinsi völlinn af æfingarboltunum fyrir og á meðan á keppni stendur til þess að æfingarboltarnir séu ekki til vandræða t.d. með því að draga úr leikhraða með því að lengja þann tíma sem leikmenn eru að finna sinn bolta.

Ef einhver vafaatriði eru með einhvern hluta vallarins, t.d. hvort hægt sé að notast við hann t.d. þar sem torf er að verða gróið, skulu þau sérstaklega skoðuð með vallarstarfsmanni og metið hvort hægt sé að nota viðkomandi hluta eða ekki. Ef ekki á að notast við viðkomandi hluta vallarins skal tekin ákvörðun um hvernig hann skuli merktur. Í þeim tilfellum getur verið um það að ræða að svæðið sé allt merkt sem grund í aðgerð eða setja staðarreglur sem gilda fyrir þetta svæði sem leyfir færslu bolta úr skemmd inn á svæði sem hægt er að leika á, hvort heldur sem hægt er að notast við smáfærslu t.d. skorkortalengd eða taka upp sérstakan fallreit., eða skilgreina að einungis samskeyti torfanna séu grund í aðgerð og aðeins fáist lausn ef boltinn liggja á slíkum samskeytum.

Að úttekt lokinni skal fara yfir þau atriði sem ástæða er að laga, með starfsmönnum klúbbsins og hvenær þau eigi að vera tilbúin.

Því næst eru staðarreglur vallarins yfirfarnar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem dómari hefur gert við úttekt hans og gerðar breytingar á þeim ef ástæða er talin til. Dómari skal í því sambandi sérstaklega skoða að í staðarreglum sé ekki að finna ákvæði sem brjóta í bága við golfreglur.

Þegar úttekt er lokið og staðarreglur hafa verið settar í samræmi við það sem á að gilda á mótinu ætti dómari að leika völlinn a.m.k. einu sinni eða fylgjast með leik manna á vellinum til þess að skoða hvort merkingar og staðarreglur virki eins og að er stefnt.

Dómari skal kynna sér hver sé mótsstjóri og hverjir séu aðrir starfsmenn mótsins og gera sér far um að kynnast viðkomandi aðilum áður en mót hefst til að tryggja eins og kostur er gott samstarf þeirra á mótinu og að allir séu með á hreinu hvert verksvið hvers og eins er.

Dómari skal ræða við mótsstjórn um kostnað vegna dómgæslu og hvernig gengið verði frá greiðslu fyrir störf dómara. Skal þessi liður frágenginn áður en mót hefst þannig að enginn misskilningur verði á ferðinni síðar.

Störf á mótisdag

Dómari skal lesa yfir keppnisskilmála, staðarreglur og þær reglur sem sérstaklega lúta að því keppnisfyrirkomulagi sem leikið verður eftir til að skerpa á kunnáttu sinni í því. Einnig ætti dómari að lesa yfir skilgreininguna á dómara.

Dómari skal athuga að hann sé með öll áhöld sín. Þau áhöld sem nauðsynleg eru fyrir dómara eru:

1. Golfreglubókin og bókin Decisions on the Rules of Golf.
2. Skorkort fyrir viðkomandi völl.



3. Staðarreglur ef þær eru ekki skráðar á skorkortið.
4. Blýant eða annað skriffæri.
5. Málband eða band til að mæla með.
6. Klukku.
7. Lista yfir keppendur og rástíma þeirra auk tímataflna fyrir leik ef ákvæði eru um tímamörk í leik keppenda.
8. Blað eða annað til að skrifa á til að skrá hjá sér úrskurði, dóma eða önnur atriði sem gerast í mótinu og dómari þarf að hafa í huga við gerð dómarskýrslu sinnar.

Dómari skal vera mættur það tímalega á keppnisstað að hann geti farið yfir völlinn áður en nokkur keppandi hefur leik, þannig að ef hann sér eitthvað athugasvert geti hann látið laga það. Það sem dómari þarf sérstaklega að hafa í huga við slíka skyndiúttekt er:

1. Hvort búið sé að slá völlinn fyrir viðkomandi keppni.
2. Hvort búið sé að taka nýjar holur fyrir keppnina og flaggstangir séu í öllum holum. Í því sambandi skal dómari athuga að holustaðsetning sé sanngjörn. Holustaðsetning telst ekki sanngjörn ef holan er í minna en fjögurra skrefa (venjuleg gönguskref) fjarlægð frá flatarbrún, nema aðstæður leyfi ekki annað. Holan skal heldur ekki staðsett í miklum halla þannig að boltinn hafi ekki möguleika á að stöðvast við holu undan eigin þunga. Einnig skal hafa veður og þá sérstaklega vind í huga við mat á sanngjarnri holustaðsetningu. Ef vindur er mikill getur það haft mikil áhrif t.d. á lengd brautar svo og hvernig gengur að láta bolta stöðvast á flöt. Þurfa dómara að huga að því að brautir séu ekki lengdar með holustaðsetningu þannig að áhöld séu um það hvort þar brautarinnar geti haldist. Þannig er t.d. mjög löng þar 3 braut sem kylfingur þarf að leika beint upp í vindinn ósanngjörn ef holan er staðsett aftast á flötinni þannig að hún er eins löng og hægt er í slíku veðri. Einnig skal huga að því að bolti fjúki ekki nær undantekningarlaust af flöt ef leikmenn reyna að leika beint á pinna.
3. Að allar sandglompur séu rakaðar og sléttar.
4. Að teigar séu rétt staðsettir og í því sambandi þarf dómari að hafa í huga að teigur skal vera tvær kylfulengdir að dýpt, þannig að teigmerkin þurfa að vera staðsett þannig að kylfingar hafi þessar tvær kylfulengdir til að stilla bolta sínum á. Hér þarf dómari einnig að huga að vindi og áhrifa hans. Ef mikill meðvindur er á mótsdegi er rétt að láta teiga vera eins aftarlega og hægt er en ef mikill mótvindur er þá er réttlætanlegt að færa þá vel fram og stytta þannig brautina sem vindurinn lengir allnokkuð. Sérstaklega skal hafa þetta í huga þar sem um langar brautir er að ræða. Það er ósanngjarnt að teigar séu þannig staðsettir að venjulegur klúbbkylfingur geti ekki leikið af teig og inn á flöt m.v. þar brautarinnar.
5. Dómari skal einnig huga að snyrtingu vallarins og að ekki sé mikið af rusli inni á vellinum. Sem rusl í þessu sambandi flokkast líka æfingaboltar frá æfingarsvæði þar sem þannig háttar til að æfingarsvæði klúbbsins er nægjanlega nálægt vellinum til þess að boltar geti borist af æfingarsvæðinu og inn á völlinn.

Dómari skal fara yfir þau atriði sem ræsir þarf að fara yfir með keppendum áður en keppni hefst til að tryggja samræmi í upplýsingagjöf til keppenda. Æskilegt er að ræsir sé með sérstakt minnisblað með atriðum sem hann þarf að fara yfir með keppendum. Í því sambandi þarf ræsir að fara yfir eftirfarandi



atriði:

1. Spyrja keppendur hvort þeir hafi talið kyfurnar sínar í poka sínum og fullvissað sig um að þær séu ekki fleiri en 14.
2. Athuga að teigtré (driver) sé samþykktur skv. reglum og sé á lista yfir samþykkt teigtré og ekki á lista yfir teigtré sem ekki eru samþykkt, ef ákvæði er um slíkt í keppnisskilmálum.
3. Athuga hvort boltarnir sem keppendur eru að nota séu á lista yfir samþykkt golfbolta ef ákvæði er um slíka bolta í keppnisskilmálum.
4. Biðja keppendur að gefa upp tegund og númer bolta sinna og sérkenni þeirra ef þeir eru sérmerktir til að auðvelda keppendum að bera kennsl á bolta hvers annars. Einnig þarf hann að benda leikmönnum á að láta meðkeppendur sína vita hvaða bolta þeir eru að nota hverju sinni ef þeir þurfa einhverra hluta vegna að skipta um bolta á meðan á leik stendur.
5. Fara yfir helstu atriði staðarreglna og keppnisreglna með keppendum og afhenda þeim eintak af staðarreglum eða tryggja að keppendur séu með eintak þeirra í fótum sínum.
6. Ganga úr skugga um að í hverju holti sé a.m.k. ein klukka til að taka tíma við leit að bolta svo og að leikmenn geti fylgst með því að leiktími þeirra sé ekki of mikill. Ræsir skal jafnframt benda leikmönnum á að gæta að því ef þeir þurfa að leita að bolta að það tefji ekki næsta holl á eftir og að hleypa því þá framúr ef þeir sjá að það er að tefjast.
7. Fara yfir tímatöflu með keppendum ef sett er tímatafla fyrir leik á einstökum holum og vellinum öllum.
8. Fara yfir rásröð keppenda í hverju holti eða þá reglu sem um það gildir, hafi slík regla verið ákveðin.
9. Að allir farsímar séu í samræmi við það sem siðareglur og reglur viðkomandi klúbbs gera ráð fyrir og gera keppendum grein fyrir því hvenær notkun þeirra er leyfð í samræmi við þessar reglur.
10. Að leikmenn viti hverjir dómara og starfsmenn séu og hvernig þeir séu merktir úti á velli til að auðvelda þeim að þekkja þá þurfi þeir á þeim að halda og flýta þannig leik.

Eftir að leikur er hafin skal dómari koma sér fyrir þannig á vellinum að hann sjái yfir sem mestan hluta vallarins og þannig að sem flestir keppendur sjái hann. Séu fleiri en einn dómari á mótinu skulu þeir skipta með sér störfum en eftir sem áður koma sér þannig fyrir að sem flestir leikmanna viti af þeim á vellinum til að auðvelda þeim að kalla þá til ef á þarf að halda. Jafnframt skal dómari huga að því að vera staðsettur nálægt þeim stöðum sem hann hefur fyrirfram áætlað að reyna muni á golfreglur vegna úrlausna sem leikmenn þurfti að fá.

Dómari verður að gæta þess hvers konar leikform er verið að leika upp á það hversu mikið hann skuli grípa inn í ef hann sér leikmann fremja brot á reglum.

Ef um holukeppni er að ræða á dómari að skipta sér sem minnst af leik leikmanna jafnvel þótt hann sjái leikmann brjóta reglunar, nema ef hann telur að andstæðingurinn sé þannig staðsettur að hann hafi ekki haft tækifæri á að sjá brotið. Í þeim tilfellum skal dómari grípa inn í og skýra leikmanni og andstæðingi frá brotinu og hvaða regla brotin var. Dómari skal þó ætíð koma á vettvang ef hann er kallaður til af einhverjum leikmanni.

Ef dómari sér leikmann brjóta reglunar í holukeppni án þess að mótherji hans geri athugasemd þá er það góð regla að dómari hafi tal af báðum leikmönnum eftir að mótherjinn getur ekki lengur gert kröfu, til að



gera þeim grein fyrir brotinu og hvaða þýðingu það hefur skv. golfreglum. Er þetta liður í því hlutverki dómara að veita leikmönnum almennan fræðslu um golfreglur.

Í höggleik skal dómari láta sig varða öll brot leikmanna sem hann verður vitni að. Skal hann tilkynna leikmanni um brotið og ritara þannig að viðeigandi víti verði skráð með skori leikmanns. Dómari skal líka reyna eins og hægt er að forða leikmanni frá því að brjóta reglurnar með því að benda honum á ef hann er um það bil að brjóta þær. Dómari verður þó að hafa í huga að hann hefur ekki vald til að koma í veg fyrir eða banna leikmanni að brjóta reglurnar viljandi, en vald hans nær hins vegar til þess að leikmaður hljóti það víti sem hann hefur unnið til.

Dómari ætti ekki að gæta flaggstangar eða handleika bolta leikmanna á meðan á leik stendur. Hann getur hins vegar aðstoðað leikmenn í leit að bolta sínum eða sýnt þeim leiklínu þegar leikmaður þarf að leika blint. Dómari skal gæta þess á sama hátt og leikmenn að hann sé ekki að gefa leikmönnum óheimil ráð í skilningi reglu 8. Dómara er þó heimilt eins og leikmönnum að svara spurningum almenns eðlis um völlinn og legu hluta þegar um er að ræða atriði sem eiga að vera þekkt öllum, svo sem um legu brautar, hvar fjarlægðarvísar séu og hvað þeir tákna, um staðsetningu torfæra o.s.frv.

Ef dómari er kallaður til af leikmönnum skal hann gefa sér tíma til að kanna aðstæður og hvað kom fyrir þannig að hann hafi sem nákvæmast og fyllstar upplýsingar um atburðinn til að byggja úrskurðinn á. Eftir að dómari er kominn á staðinn og búinn að bjóða fram aðstoð sína skal hann:

1. Fá sem nákvæmast upplýsingar um staðreyndir málsins.
2. Fá upplýsingar frá kylfingnum og öðrum leikmönnum um það hvað viðkomandi leikmaður ætlaði sér að gera þegar atburðurinn átti sér stað. Ef ágreiningur er milli kylfings og annarra leikmanna skal leitað upplýsinga frá hverjum þeim sem var nálægur og varð vitni að atburðinum. Ef engir aðrir voru viðstaddir verður dómari að meta trúverðugleika frásagnar viðkomandi aðila, en aðalreglan er að leikmaður njóti vafans séu bara tveir til frásagnar.
3. Þegar dómari hefur komist að niðurstöðu um úrskurð ætti hann að gefa leikmönnum upplýsingar um hvaða regla var brotin og gefa þeim færi á að lesa viðkomandi reglu sem úrskurðurinn byggir á.

Dómari skal hafa í huga að úrskurður hans er endanlegur og verður uppkvaðning úrskurðar ekki vísað til nefndarinnar nema með samþykki dómara. Af þeim sökum skulu dómara ætíð vanda eins vel og kostur er úrskurði sína, rökstyðja þá vel og gera viðkomandi aðilum rækilega grein fyrir þeim og á hverju þeir byggja. Dómara skulu jafnframt hafa í huga að þeir geta sjálfir breytt fyrri dómi sínum telji þeir eftir nánari skoðun að hann hafi verið rangur, enda sé það gert áður en viðkomandi móti er lokið og niðurstaða hefur verið kynnt.

Sé brot viðkomandi leikmanns þess eðlis að um frávisunarvíti er að ræða skal dómari hafa í huga að hann hefur ekki vald til að breyta frávisunarvíti. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að dómari bendi mótstjórn á mildandi aðstæður séu þær fyrir hendi þannig að mótstjórn geti ákveðið að breyta frávisunarvítinu. Rétt er að benda á að slíkri breytingu er einungis hægt að beita í einstaka undantekningartilfellum.

Störf eftir að móti er lokið

Eftir að leik er lokið á mótinu skal dómari vera til staðar til að aðstoða við að úrskurða um hvert það vafaatriði sem upp kemur í meðförðum mótstjórnar eða til að fjalla um kærur sem berast eftir að leik er lokið og áður en úrslit leiks hafa verið opinberuð.



Dómari skal ljúka við dómaraskýrslu sína þegar móti er lokið og skila henni til mótsstjórnar sem skilar henni til GSÍ. Dómaraskýrslunni skal skilað til GSÍ eigi síðar en innan viku frá því að mótinu lauk.

Hafi brot verið framið í mótinu sem varðar siðareglur golfsins skal dómari gera sérstaklega grein fyrir því í dómaraskýrslu og skila henni til mótsstjórnar og aukaeintaki til aganefndar viðkomandi klúbbs ef mótið er ekki á vegum GSÍ en annars til aganefndar GSÍ og skal henni skilað innan viku frá því að mótinu lauk. Munu aganefndir síðan taka málið til framhaldandi skoðunar til að meta hvort ástæða er til agaviðbragða af hennar hálfu vegna viðkomandi brots.

Reglugerð fyrir Dómaranefnd GSÍ og golfdómara

[Smellið hér til að skoða reglugerð](#)